

Kirkjuþing 2021-2022

47. mál – þskj. 79

T I L L A G A

að starfsreglum um breyting á starfsreglum
um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum.
(Lagt fyrir 62. kirkjuþing 2021-2022).

Flutt af biskupi Íslands.
Frsm. Agnes M. Sigurðardóttir.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. starfsreglnanna:
Grundarsókn, Hólasókn, Saurbæjarsókn, Munkaþverársókn og Möðruvallasókn í Akureyrar- og Laugalandsprestakalli, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi, sameinast í eina sókn. Heiti hinnar nýju sóknar verði Grundarsókn.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. Þjóðkirkjulaga nr. 77/2021, öðlast gildi 30. nóvember 2022.

Greinargerð.

Biskup hefur fengið erindi frá prófasti Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi ásamt fundargerð héraðsfundar prófastsdæmisins haldinn 29. maí 2021 þar sem fram kemur samþykkt fundarins á sameiningu Grundar -, Hóla -, Saurbæjar -, Munkaþverár - og Möðruvallasókna í Akureyrar- og Laugalandsprestakalli.

Fram kom í fundargerð héraðsfundar að þarna hefur starfað sameiginleg stjórn yfir kirkjugörðum í Eyjafjarðarsveit. Þá séu tvær bændakirkjur á svæðinu sem þurfi að huga sérstaklega að huga að.

Tillag héraðsfundar hljóðaði svo:

„Tillaga til héraðsfundar Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmis 2021, haldinn þann 29. maí. Grundarsókn, Hólasókn, Saurbæjarsókn, Munkaþverársókn og Möðruvallasókn í Akureyrar- og Laugalandsprestakalli óska eftir því, á grundvelli samþykktu aðalsafnaðarfunda viðkomandi sókna á þessu ári, að sameinast í eina sókn, nái þær samkomulagi um það. Ef ein eða fleiri þessara sókna hætta við, geta hinar, sem það vilja, eftir sem áður sameinast.“ Þetta var samþykkt samhljóða.

Þann 3. mars sl. sendi Hjörtur Haraldsson, formaður Grundarsóknar eftirfarandi bókun:

Sameiginlegur fundur haldinn 02.03.2022. af sóknarnefndum í Munkaþverár-Hóla-Saurbæjar-Möðruvalla-og Grundarsókna ákvað að hin nýja sameiginlega sókn skyldi heita Grundarsókn, var þetta samþykkt með öllum greiddum atkvæðum þeirra sem fundinn sóttu, sem var meirihluti þeirra sem í sóknarnefndunum sitja, ákveðið að hittast aftur í apríl, eftir að sameininginn hefur farið í gegnum kirkjuþing.

Ljóst er að tillagan felur í sér fjárhagslegt hagræði og einföldun og enginn kostnaður fylgir samþykkt þeirra að mati flutningsmanns. Kostnaðarumsögn er því ekki með málinu.

Flutningsmaður leggur til að kirkjuþing samþykki tillöguna.